

Fimmtudaginn 29. maí 1997.

Nr. 358/1996.

Steen Johansen

(Valgarður Sigurðsson hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.)

Verksamningur. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1996 og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 492.292 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 1. ágúst 1994. Áfrýjandi krefst einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að áfrýjandi lauk störfum hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í júní 1994 og fékk greidd verklaun til loka júlí það ár. Fallist er á með héraðsdómi, að áfrýjanda hafi mátt vera ljóst 6. júlí 1994, að störfum hans fyrir ráðuneytið væri lokið. Verður því að leggja til grundvallar, að þá hafi í reynd verið slitið verksamningi þeim, sem áfrýjandi gerði við ráðherra 24. september 1993 um þau störf. Breytir það ekki rétti áfrýjanda á hendur stefnda, að verksamningnum var ekki sagt upp skriflega.

Í verksamningnum er skýrlega tekið fram, að hann sé uppsegjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara. Svo sem fram kemur í héraðsdómi, féllst heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið á í bréfi til lögmanns áfrýjanda 5. desember 1994 að greiða áfrýjanda laun, er svara til þriggja mánaða uppsagnarfrests samkvæmt verksamningnum. Gerði áfrýjandi ráðuneytinu reikning vegna þessara þriggja mánaða 3. febrúar 1995. Var reikningurinn að fjárhæð 904.436 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákvörðun ráðuneytisins um þessa greiðslu var tekin, eftir að ljóst varð, að áfrýjandi færi ekki til starfa á vegum félagsmálaráðuneytis, eins og um var rætt sumarið 1994.

Áfrýjandi hefur ekki stutt haldbærum rökum kröfur sínar um, að hann eigi rétt á frekari verklaunum á grundvelli lögskipta þeirra, sem mál þetta er risið af.

Með framangreindum athugasemdum verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Steen Johansen.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júní 1996.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 19. október 1995.

Stefnandi er Steen Johansen, kt. 150667-3879.

Stefndi er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra f. h. ríkisins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 492.492 krónur með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 246.246 krónum frá 1. ágúst 1994 til 1. september s. á., en af 492.492 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist virðisaukaskatts á stefnufjárhæðina.

Þess er krafist, að áföllnum dráttarvöxtum verði bætt við þann höfuðstól, sem vextirnir reiknast af, á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. ágúst 1995. Þá er gerð krafa um málskostnað að skaðlausu, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Gerð er krafa um, að áfallnir dráttarvextir af málskostnaði bætist við höfuðstól á tólf mánaða fresti.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati stefnda, en til vara er gerð krafa um lækun stefnukröfu.

Málsatvik.

Hinn 24. september 1993 gerðu þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Guðmundur Árni Stefánsson, og stefnandi með sér verksamning. Samkvæmt samningi þessum skyldi stefnandi sem verksali starfa að kynningar- og upplýsingamálum fyrir verkkaupa, stefnda, frá og með 1. september 1993. Stefnandi skyldi starfa í fullu samráði við ráðherra, aðstoðarmann

hans sem og ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra og undir stjórn þeirra. Greiðsla til stefnanda skyldi nema 225.440 krónum á mánuði, og innifalinn í þeim greiðslum væru launatengd gjöld. Þá segir, að „þar að auki greiðist verksala orlof, sem nemur uppsöfnuðum orlofsréttindum launþega og miðast við umsamdar greiðslur í samningi þessum“. Yfirvinnu skyldi greiða samkvæmt reikningi, greiðslur vera fyrir fram greiddar, og virðisaukaskattur var ekki innifalinn í þóknun. Verkkaupi skyldi leggja til alla starfsaðstöðu, svo sem síma, skrifstofu og nauðsynlega aðstoð, sem tengst gæti starfinu. Ferðakostnað og dagpeninga skyldi greiða eins og þeir voru hverju sinni samkvæmt starfsréttindum BSRB. Loks sagði, að samningurinn skyldi uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara.

Undir samning þennan rituðu Guðmundur Árni Stefánsson, þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og stefnandi.

Hinn 24. júní 1994 urðu ráðherraskipti í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Guðmundur Árni Stefánsson varð félagsmálaráðherra, er þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, lét af þeim starfa, og Sighvatur Björgvinsson tók við starfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Gert var ráð fyrir því, að starfi stefnanda á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins lyki og að stefnandi hæfi að starfa í félagsmálaráðuneytinu.

Stefnandi og Guðjón Magnússon, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, áttu með sér fund 6. júlí 1994. Er því haldið fram af stefnda, að á þeim fundi hafi orðið samkomulag um það, að ráðuneytið greiddi stefnanda fyrir júlímánuð, en ekki yrði um frekari greiðslur að ræða frá stefnda til stefnanda. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi farið með reikning í júlíbyrjun til skrifstofustjórans til þess að fá skrifað upp á hann, og hafi skrifstofustjórinn sagt stefnanda, að þetta væri síðasti reikningur, sem ráðuneytið myndi skrifa upp á, en síðan myndi félagsmálaráðuneytið taka við. Stefnandi kvaðst hafa komið úr sumarleyfi sínu í byrjun ágúst, og hafi vinnuaðstaða þá ekki verið nein lengur, skrifstofa verið rýmd. Hafi hann innt félagsmálaráðherra eftir því, hvað yfirtöku samnings síns af hálfu þess ráðuneytis liði, en ráðherra sagt sér, að aðstaða í félagsmálaráðuneytinu væri enn ófullkomin, og skyldi hann hinkra við, uns búið væri að kippa þeim málum í liðinn. Hann hafi síðan frétt það eftir fréttamannafund með ráðherra 25. september, að ekki væri ætlan ráðherra, að hann kæmi til starfa í félagsmálaráðuneytið.

Skrifstofustjóri stefnda, Guðjón Magnússon, skrifaði stefnanda bréf, dagsett 26. september 1994. Í því er vitnað til fundar þeirra stefnanda 6. júlí og sagt, að frá því hefði verið gengið með samkomulagi, að ráðuneytið greiddi

stefnanda laun fyrir júlímánuð, en um frekari greiðslur af hálfu stefnda til stefnanda yrði ekki að ræða. Þessi gagnkvæmi skilningur hafi síðan verið staðfestur tveimur vikum síðar í samtali bréfitara stefnanda og ráðuneytisstjóra. Þá kemur fram í bréfi þessu, að skrifstofustjórinn hafði rætt við félagsmálaráðherra eftir fundinn 6. júlí og hann staðfest, að hann hygðist ráða stefnanda til starfa hjá félagsmálaráðuneytinu. Segir síðan, að bréfið sé ritað til að staðfesta skriflega það samkomulag milli ráðuneytisins og stefnanda, að með greiðslu launa fyrir júlímánuð 1994 hafi ráðuneytið staðið við verksamninginn frá 24. september 1993 og að sá samningur væri úrgildi fallinn. Í bréfi þáverandi lögmanns stefnanda, dagsettu 26. október 1994, er bent á, að verksamningnum hafi aldrei verið sagt upp, og væri hann því enn í gildi, og því lýst, að stefnandi væri reiðubúinn að ganga til samninga við ráðuneytið um lausn málsins. Með bréfi, dagsettu 5. desember 1994, var boðin fram greiðsla á þriggja mánaða launum sem lokagreiðsla. Stefnandi framvísaði reikningi, dagsettum 3. febrúar 1995, og krafðist þriggja mánaða uppsagnarfrests auk orlofs, samtals 738.738 króna að viðbættum virðisaukaskatti, 165.698 krónum, samtals 904.436 króna, og var hann greiddur stefnanda.

Málsástæður og réttarheimildir, sem aðilar bera fyrir sig.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi ekki heyrt það fyrr en í lok september 1994, að félagsmálaráðherra væri hættur við að taka við samningnum. Forsenda fyrir breytingu verksamningsins hefði þar með verið brostin, og þar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefði ekki sagt samningnum upp, hefði það verið áfram bundið við hann með öllum réttindum og skyldum. Þetta hefði ráðuneytið í raun viðurkennt 3. febrúar 1995 með því að greiða stefnanda verklaun fyrir þriggja mánaða uppsagnarfrest skv. ákvæðum samningsins. Hefði það þar með fallið frá fyrri afstöðu sinni, sem lýst var í bréfi skrifstofustjórans frá 26. september 1993, og viðurkennt skyldur sínar samkvæmt samningnum. Uppsögn ráðningarsamnings sé ákvöð. Efni hennar verði að vera skýrt, hún þurfi að vera skrifleg og taki gildi frá og með næstu mánaðamótum, eftir að hún berist viðtakanda. Enda þótt stefnandi hafi ekki gert ráðningarsamning við stefnda, hafi staða hans í nær öllum atriðum verið hin sama og starfsmanna ráðuneytisins. Sömu sjónarmið gildi því um uppsögn samningsins og það jafnvel þótt á hann yrði litið sem hreinan verksamning. Stefnanda hafi aldrei borist uppsagnarbréf, sem fullnægi þeim kröfum, er gerðar séu til slíkra ákvaða. Í bréfi skrifstofustjóra stefnda frá 26. september 1994 víki hann að því, að það hafi verið skilningur stefnda, að samningurinn hefði fallið niður 1. ágúst 1994. Þrátt

fyrir það að hvergi sé minnst á uppsögn samningsins í bréfi þessu, fallist stefnandi á að miða uppsögn samningsins við 1. október 1994. Stefnanda hafi staðið starfskraftar stefnanda til boða allt haustið og veturinn 1994 og í raun fram til 15. febrúar 1995, er hann hóf störf annars staðar. Þriggja mánaða uppsagnarfresturinn hafi byrjað að líða í fyrsta lagi 1. október 1994. Ráðuneytið hafi greitt stefnanda laun í uppsagnarfresti, sem séu samkvæmt þessu laun fyrir október, nóvember og desember 1994, en laun fyrir ágúst og september s. á., sem ásamt orlofi og virðisaukaskatti nemi 492.492 krónum, séu ógreidd, og séu þau stefnukrafa máls þessa. Hún sundurliðist svo:

Laun fyrir ágústmánuð 1994	kr.	225.440
Laun fyrir septembermánuð	–	225.440
Orlof 4 × 10.403 krónur	–	41.612
		<hr/>
Samtals	kr.	492.492

Stefnandi kveðst fara að ákvæðum samningsins samkvæmt almennum reglum samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og vísar á lög nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests o. fl.

Um vexti vísast til 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Upphafstími dráttarvaxta sé ákveðinn í samræmi við 3. gr. samningsins, en samkvæmt henni hafi stefnda borið að greiða laun fyrir fram fyrir hvern mánuð. Krafa um virðisaukaskatt sé reist á ákvæðum samningsins.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki verði deilt um það, að stefnandi hafi samþykkt verklok samkvæmt samningnum á fundinum 6. júlí 1994. Því til staðfestingar sé, að stefnandi hafi komið í ráðuneytið eftir sumarleyfi í lok júlí 1994, tæmt skrifstofu sína að persónulegum munum og kvatt. Frá þeim tíma hafi hann ekki boðið fram þjónustu sína, framvísað reikningum og ekki gert athugasemdir við að greiðslur til hans féllu niður.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að hann hafi efnt samningsskyldur sínar við stefnanda að fullu. Verksamningi hafi í reynd verið lokið um mánaðamótin júní/júlí 1994. Það hafi verið staðfest á fundi forsvarsmanns stefnda með stefnanda á fundinum 6. júlí og ítrekað á öðrum fundi hálfum mánuði síðar. Eftir að vonir stefnanda um vinnu á vegum annars ráðuneytis hafi verið brostnar, hafi stefndi samþykkt umfram skyldu að greiða stefnanda þriggja mánaða reikning, sem eðli máls samkvæmt hafi verið fyrir mánuðina ágúst, september og október 1994. Í reynd hafi stefnandi viðurkennt túlkun stefnda á niðurstöðu fundarins 6. júlí 1994, og ef stefnandi telji, að félagsmálaráðherra eða ráðuneyti hans hafi sumarið 1994 vanefnt loforð um yfirtöku/endurnýjun á verksamningi þeim, sem gerður hafi verið við stefnanda í september 1993, sé ekki við stefnda að sakast í því efni, og

Það ráðuneyti fari ekki með fyrrisvar í málinu f. h. félagsmálaráðuneytisins. Þá er því sérstaklega mótmælt, að staða stefnanda hafi verið hin sama og opinberra starfsmanna. Samkvæmt samningnum hafi stefnandi verið verk-sali, enda heiti samningurinn verksamningur og sé nánast í alla staði frá-brugðinn venjulegum ráðningarsamningi. Greiðslum samkvæmt honum verði ekki jafnað til launagreiðslna til opinberra starfsmanna. Vinnufram-lag stefnanda hafi ekki verið skilgreint með sama hætti og hjá opinberum starfsmönnum, og innifalin í greiðslunni hafi verið launatengd gjöld, þ. m. t. lífeyrisðgjöld. Upphafsteggi dráttarvaxta í stefnukröfu er sérstak-lega mótmælt.

Niðurstaða.

Stefnandi sagði í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi, að Guðjón Magnússon skrifstofustjóri hefði tjáð sér, að þetta yrði síðasti reikningur, sem stefndi skrifaði upp á fyrir stefnanda, er stefnandi kvaðst hafa farið með reikning um laun fyrir júlí til hans 6. þess mánaðar. Stefnanda mátti því vera það ljóst, að störfum hans hjá stefnda væri lokið, enda beinlínis ráð fyrir því gert, að hann færðist til félagsmálaráðuneytisins frá stefnda eftir að ráð-herraskiptin höfðu orðið. Þá er til þess að líta, að stefndi greiddi stefnanda þriggja mánaða laun vegna uppsagnarfrests, og þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að stefndi hafi vanefnt skyldur sínar samkvæmt samningi þeirra gagnvart honum, enda var það ekki á valdi stefnda að tryggja honum framhald starfa í félagsmálaráðuneytinu. Verður hér að líta til þess, að samningur aðila varð ekki yfirtekinn af félagsmálaráðuneytinu, heldur hlaut stefnandi að þurfa að gera nýjan samning við það ráðuneyti, kæmi til þess, að hann starfaði þar.

Samkvæmt þessu verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda 100.000 krónur í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Stefndi, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra f. h. ríkisins, skal sýkn af kröfum stefnanda, Steens Johansen.

Stefnandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað.